



LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bændahöllinni v/Hagatorg • 107 Reykjavík • Sími 553 1510/563 0300 • Símbref 568 4363

www.angling.is • angling@angling.is

Alþingi

Erindi nr. P 130/2141

komudagur 26.4.2004

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2004

Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga, mál nr. 850 um breytingu á lögum um lax og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Landssamband veiðifélaga telur framkomið frumvarp um breytingar á lögum er lúta að Fiskræktarsjóði og innheimtu árgjalda til hans horfa til mikilla bóta frá gildandi ákvæðum í lögum nr. 76/1970. LV hefur átt þess kost að koma sínum sjónarmiðum að varðandi ákvæði sem eru í frumvarpinu og snúa að innheimtu árgjalda hjá veiðiréttareigendum og sér þess stað í fyrirliggjandi frumvarpi. Þar er nú kveðið á með skýrari hætti um innheimtu gjalda en gert er í gildandi lögum. Á slíku var nauðsyn til að tryggja jafnræði milli gjaldenda.

Þá telur LV að breytingar sem gerðar eru varðandi álagningu gjalda á vinnslufyrirtæki, sem stunda raforkuvinnslu með vatnsorku, séu í samræmi við það sem almennt tíðkast um álagningu gjalda sem mælt er fyrir um í lögum og því mikil bót frá gildandi lagaákvæðum. Önnur ákvæði frumvarpsins sem lúta að reglum um úthlutun úr sjóðnum og stefnumótun telur LV tímabær og nauðsynleg með hliðsjón af stjórnsýslulögum og reglum um meðferð opinberra fjármuna.

LV styður heilshugar það meginsjónarmið laganna að styrkja Fiskræktarsjóð með hliðsjón af þeim brýnu verkefnum sem heyra undir verkefni hans á sviði rannsókna og fiskræktar og tekur undir sjónarmið í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu um það efni.

Landsamband veiðifélaga telur að fyrirliggjandi frumvarp sé vel unnið og gerir ekki athugasemdir við efni þess eða einstakar greinar.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson, formaður